

## **Rammi fulltrúaráðs STEFs um tiltekin störf stjórnar STEFs**

**Samþykkt af fulltrúaráði þann 1. júní 2019**

**a. Frádráttur af höfundaréttartekjum meðlima, þ.m.t. frádrátt vegna Menningarsjóðs.**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Fyrir ákvörðun um úthlutun á innheimtum höfundaréttartekjum skal stjórn draga frá tekjum öll rekstrargjöld og önnur útgjöld samtakanna. Miða skal við fjárhæðir í samþykktum ársreikningi samtakanna. Stjórn er heimilt að setja sérreglur um mismunandi skiptingu á gjöldum til frádráttar af innheimtum höfundaréttartekjum eftir eðli innheimtra tekna. Stjórn skal einnig draga frá innlendum tekjum og halda eftir fjárhæð er nemi allt að 10% af hreinum rekstrartekjum hvers árs og ráðstafa til Menningarsjóðs.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**b. Ávöxtun fjármuna og hvernig fjármagnstekjum skuli ráðstafað**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn skal ávaxta fjármuni samtakanna með tryggum hætti eftir varfærinni fjárfestingarstefnu, aðallega með vörslu á innlánsreikningum banka og eða kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum eða sambærilegum eignum. Fjármagnstekjum skal að hálfu ráðstafa til Ferðastyrkjasjóðs og að hálfu til úthlutunar með höfundaréttartekjum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**c. Hvernig ráðstafað skuli fjármunum vegna verka sem ekki finnst höfundur að**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn skal árlega halda eftir 0,5% af hreinum tekjum hvers árs og leggja í varasjóð sem skal síðan vera til taks til að greiða rétt höfum sem ekki voru skráðir á verk við úthlutun, þegar og ef þeir gefa sig fram síðar, eða til tilfallandi leiðréttinga á úthlutunum. Ef varasjóðstillagi hefur ekki verið ráðstafað eftir 4 ár frá tillagi í varasjóð er stjórn heimilt að ráðstafa þeim hluta sem óráðstafað er til almennrar úthlutunar eða til Menningarsjóðs.

Rætt um forsöguna og hver þörfin sé á þessu úrræði. Einnig er spurt um hvort nauðsynlegt að hafa annan almennan varasjóð fyrir óvænt útgjöld. Einar Hafliði var ennfremur spurður um hversu há fjárhæð þetta yrði miðað við hreinar tekjur ársins í ár og svarið var að þetta væru milli 3 og 4 milljónir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**d. Áhættustýring**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn skal sjá til þess að innleiða virka áhættustýringu í starfsemi samtakanna með sem hagkvæmustum hætti og eftir því sem við verður komið.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**e. Sala eða leiga eigna**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn tekur almennt ákvarðanir um sölu eða leigu eigna samtakanna sem teljast rekstrareignir, nauðsynlegar til daglegs rekstrar. Verði ágreiningur í stjórn um sölu eða leigu eigna skal skjóta ákvörðun til fulltrúaráðs. Sala fasteigna félagsins er þó ávallt háð samþykki fulltrúaráðsfundar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**f. Samruni við önnur samtök eða fyrirtæki**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn skal ávallt leita heimildar fulltrúaráðs fyrir samruna við önnur samtök eða fyrirtæki.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**g. Stofnun dótturfélaga, útibúa, deilda eða samrekstrar (joint venture)**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn er heimilt að stofna dótturfélög, útibú, deildir eða stofna til samrekstrar ef það er til hagsbóta fyrir rétthafa og eykur ekki fjárhagslega áhættu eða rekstraáhættu umfram það sem telst til daglegs rekstrar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**h. Lánagerningar og veðsetningar**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn er heimilt að samþykkja lánagerninga og veðsetningar sem nauðsynlegar talsjast vegna daglegrar starfsemi og rúmast innan markmiða og verklagsreglna stjórnar um áhættustýringu.

Spurt var í hvaða tilvikum væri nauðsynlegt að stjórn samþykkti lánagjörninga og var svarið að það væri einna helst ef upp kæmu ófyrirséð útgjöld sem væru það há að þau gætu haft áhrif á úthlutun og í slíkum tilvikum væri e.t.v. rétt að dreifa kostnaðinum yfir á fleiri ár í staðinn fyrir að greiða þau öll af tekjum sama árs.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**i. Kaup á hlutabréfum eða aðrar fjárfestingar**

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn er óheimilt að samþykkja fjárfestingar hvort sem það er í hlutabréfum eða öðrum eignum, nema slík fjárfesting sé í samræmi við ávöxtunar- og fjárfestingastefnu samtakanna, eða fjárhæð fjárfestingarinnar telst óverulegur hluti eigna samtakanna og telst vera til að auka hag rétthafa. Ekki skal efna til meiri háttar fjárfestinga nema eftir ákvörðun og samþykkt fulltrúaráðs.

Tillagan var samþykkt samhljóða.